



# Áveitan

3. tbl. 11. árgangur. Mars 2017

## Flóahlaupið 2017

Flóahlaupið hefst kl. 13:00 við Félagslund laugardaginn 1. apríl. Þetta er í 39. sinn sem hlaupið er haldið og í annað sinn í umsjá Umf. Þjóttanda.

Keptt verður í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára og yngri, 5 km opnum flokki karla og kvenna og 10 km hlaupi kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára og 50 ára og eldri. 10 km hlaupi karla 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára eldri.

Verðlaun eru veitt fyrir þrjá fyrstu í hverjum flokki auk þess sem allir fá verðlaun fyrir þátttöku. Skráningargjald 1.500 kr fyrir 14 ára og yngri og 3000 kr fyrir 15 ára og eldri. Skráning fer fram á staðnum. Ath. að greiða verður með peningum, enginn POSI á staðnum. Innifalið í skráningargjaldinu er síðan kaffihlaðborð að hlaupi loknu.

Allir áhugsamir eru hvattir til að koma og taka þátt. Eins eru hjálpfúsar hendur vel þegnar til aðstoðar við framkvæmd hlaupsins og kaffið. Hafið samband við Jón Gunnþór, Markús eða Guðmundu séuð þið til í að aðstoða eða baka.

Íþróttanefnd

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

löunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Frá sveitarstjóra

### Kæru íbúar og aðrir lesendur

Undirbúningur að hátíðinni“ Fjör í Flóa“ er nú kominn á fulla ferð. Ný menningarnefnd Flóahrepps tók til starfa nú í byrjun ársins og mikill kraftur í nefndarmönnum og áhugi á að standa myndarlega að hátíðinni eins og áður. Nefndin hefur átt fund með starfsmönnum Flóahrepps, formönnum kvenfélaganna og ungmennafélaginu Þjótanada og er dagskrárgerð hátíðarinnar langt komin.

### Umræða um samvinnu/og eða sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu

Í tengslum við umræðu um eflingu sveitarstjórnarstigsins og um mögulega sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu hefur verið gerður samningur við KPMG um greiningu á stöðu sveitarfélaganna og væntingum íbúa til þjónustu sveitarfélagsins síns. Greiningarvinnan byggir meðal annars á viðtölum við íbúa á svæðinu og er gert ráð fyrir að tekin verði viðtöl við 4-6 aðila í hverju sveitarfélagi. Þessir aðilar geta t.d. verið fulltrúar úr ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins, fólk úr atvinnulífinu, eldri borgarar eða aðrir íbúar sveitarfélagsins. Best er kynjahlutfall sé sem jafnast.

Sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að val á fulltrúum í viðtalshópinum fari fram með eftirfarandi hætti: Sveitarstjórnarmenn tilnefna nokkra aðila í 5 flokka. Nöfn tilnefndra eru sett á miða og miðarnir settir í 5 potta sem dregið verður úr. Nöfnin sem koma upp eru númeruð eftir því í hvaða röð þau koma upp. Fyrst verður óskað eftir þátttöku þess sem verður númer eitt á hverjum lista, skorist sá aðili undan verður farið áfram niður listann og síðan koll af kalli þar til fundnir hafa verið 5 aðilar, einn úr hverjum hópi, sem eru tilbúnir að vera fulltrúar íbúa í Flóahreppi í þessum rýnihópi. Gert er ráð fyrir einu viðtali við hvern og einn og eiga viðtölin að fara fram nú í mars.

Hóparnir 5 sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur ákveðið að dregið verði úr eru eftirfarandi: Sveitarstjórn, varamenn sveitarstjórnar, fólk á aldrinum 20-40 ára, fólk á aldrinum 40 - 60 ára, fólk 60 ára og eldra.

## **Menningarstyrkur Flóahrepps 2017**

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2017 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi: Styrkuppþæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu. Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

*Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi.*

*Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.*

*Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.*

*Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.*

*Að umsókn fylgi ósk um styrkuppþæð.*

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs. Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl ár hvert og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirbyggjandi umsóknum að fengnu álit menningarnefndar Flóahrepps. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum. Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri.

**Umsóknir ásamt fylgigögnum, berist Flóahreppi, Þingborg, 801 Selfoss eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt „menningarstyrkur“.**

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

**Aðalfundur Hrossaræktardeildar Gaulverjabæjarhrepps**  
Aðalfundur verður haldinn í Félagslundi miðvikudagskvöldið 22. mars kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf.  
Kynning á sameiningu hrossaræktarfélaganna í Flóahreppi.  
Stjórnin.

**Er hundurinn þinn á Kóngafæði ?**  
**Ef svo er ekki þá er ég að selja hundafóður frá King Bellfor.**  
**Allar uppl í s: 8203565 og [icegordon@gmail.com](mailto:icegordon@gmail.com)**

**Ragnar Sigurjónsson**

## Úrslit af glímumótum

### Bikarglíma Íslands

Bikarglíma Íslands fór fram 20. janúr í Reykjavík. Þjótandafólk náði ágætis árangri og hampaði þremur bikarmeistaratitlum.

**Unglingar +80 kg**                      **2 keppendur**

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

**Konur -65 kg**                              **8 keppendur**

4. Guðrún Inga Helgadóttir

**Konur +65 kg**                              **8 keppendur**

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

**Konur opinn flokkur**                      **9 keppendur**

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

### Grunnskólamót HSK

Grunnskólamót HSK fór fram 1. febrúar á Hvolsvelli. Flóaskóli átti tvo keppendur sem stóðu sig með þryði.

**5. bekkur stúlkna**                              **6 keppendur**

2. Melkorka Álfús Hjartadóttir              4 vinn.

**6. bekkur stúlkna**                              **5 keppendur**

5. Erlín Katla Hansóttir                      0,5 vinn.

### Héraðsmót HSK

Héraðsmót HSK í glímu fór fram í Reykholti 25. febrúar. Keppni í fullorðinsflokkum var frestað en keppt var í barnaflokkum. Þjótandi átti einn keppanda á þessum hluta mótsins.

**Stúlkur 11 ára og yngri**                      **4 keppendur**

2. Melkorka Álfús Hjartadóttir              2 vinn.

**Glímuæfingar eru í Félagslundum á mánudagskvöldum frá 19:30 - 21:00.**

**Allir velkomnir.**

### Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar verður haldinn sunnudaginn 19. mars að lokinni messu í Gaulverjabæjarkirkju sem hefst kl. 14.00. Venjuleg aðalfundarstörf; farið yfir starfið á síðasta ári, reikninga kirkjunnar og garðsins og kosið er um einn fulltrúa og varafulltrúa í sóknarnefnd. Fjölmennum og eigum saman góða stund í kirkjunni okkar bæði í messunni og á fundinum á eftir.

Sóknarnefnd.

## **Stuðningur Umf. Þjótanda við íþróttamenn sína**

Um daginn barst stjórn Umf. Þjótanda fyrirspurn varðandi stuðning félagsins við íþróttamenn sína. Við ákváðum að svara þessari fyrirspurn einnig hér í Áveitunni svo allir félagsmenn séu meðvitaðir um þann stuðning sem félagið veitir.

Umf. Þjótandi greiðir öll keppnisgjöld fyrir þá sem keppa undir merkjum félagsins. Það gildir jafnt á héraðsmótum, Íslandsmótum eða öðrum mótum sem keppendur taka þátt í og óháð keppnisgrein. Undantekning frá þessu eru Unglingalandsmót og öldungamót.

Til þess að fólk átti sig á því hversu mikill stuðningurinn er í raun þá má til dæmis nefna að flest önnur félög innan HSK greiða aðeins keppnisgjöld fyrir sína keppendur á héraðsmótum og Íslandsmótum í frjálsum íþróttum. Keppendur þeirra þurfa sjálfir að greiða keppnisgjöld á öðrum mótum t.d. Stórmóti ÍR þar sem 15 ára og eldri þurfa að borga 2000kr á keppanda+ 500 kr fyrir hverja grein sem þeir keppa í. Ef keppandi Umf. Þjótanda er duglegur að keppa á mótum getur stuðningur Þjótanda í formi greiddra skráningargjalda því númið tugum þúsunda á ári.

Okkur hefur þótt þetta form stuðnings betra heldur en flatur styrkur til íþróttamanna því þetta kerfi verðlaunar þá sem eru duglegir að keppa og verður til þess að þeir þurfi ekki að setja há keppnisgjöld fyrir sig. Að lokum er vert að minnast á það að allar íþróttæfingar Umf. Þjótanda eru gjaldfrjálsar og í því felst mikill stuðningur við fjölskyldur sveitarinnar.

Stjórnin

### **Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps**

**Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárverri föstudagskvöldið 31. mars og hefst kl. 20:30. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Úr stjórn gengur Kristján Gestsson og gefur hann ekki kost á sér til endurkjörs.**

**Kaffiveitingar í boði félagsins.**

**Stjórnin**

## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

### **100. aðalfundur kvenfélagsins**

Aðalfundur verður haldinn í Þjórsárveri sunnudaginn 12. mars kl. 14.00.

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Umræður um fundargerð og samþykkt
4. Skýrsla formanns starfsárið 2016
5. Umræður um skýrslu og samþykkt
6. Reikningar lagðir fram
7. Umræður um reikninga og samþykkt
8. Skýrsla skemmtinefndar
9. Kosningar
10. Fjör í Flóa
11. Önnur mál

Við vonumst eftir góðri mætingu á fundinn, og gaman ef konur mæta í betri fötunum þar sem tekin verður hópmynd í byrjun fundar í tilefni 100 ára afmælisins og 100. fundarins.

Nýjar konur boðnar hjartanlega velkomnar á fundinn.

*Kaffikonur: Alda Hermannsd, Kristín Stefánsd, Kristín Tómasd, Eydís Eiríksd, Ósk Unnarsdóttir.*

### **Gaman saman í Þjórsárveri**

Samverustund verður í Þjórsárveri mánudagskvöldin 6. mars og 20. mars kl. 20.00 til 22.00. Spjall og handavinnusamvera.

Allar konur velkomnar.

Stjórn kvenfélagsins

### **Frá Hraungerðiskirkju**

**Messa verður í Hraungerðiskirkju, sunnudaginn 5. mars kl. 13.30.**

**Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, organisti Ingi Heiðmar Jónsson, kirkjukórinn syngur.**

## Uppskeruhátíð hrossaræktarfélaganna í Flóahreppi

Uppskeruhátíð hrossaræktarféлага Flóahrepps og hrossamessa verður haldin föstudagskvöldið 10. mars 2017 að Ferðapjónustunni Vatnsholti. Dagskrá hefst kl: 20:30 með borðhaldi.

„Hrossamessa“ kræsingar af ýmsum réttum með góðu meðlæti.

Saltað hrossakjöt og hrossabjúgu með jafningi, kartöflum.

Bollur

Hægeldað hrossafillet með sósu og meðlæti

Kostar aðeins 4000 kr pr mann. Pantanir í hrossamessuna þurfa að berast fyrir kl.22:00 mánudaginn 6. mars 2017 hjá Atla Geir í síma 898-2256 eða mail: [atligeir@hive.is](mailto:atligeir@hive.is) eða Ágústi Inga í síma 899-5494

eða á netfangið [agustk@visir.is](mailto:agustk@visir.is)

Verðlaunaveiting félaganna er áætlað að hefjist um kl. 21:30.

Veitt verða verðlaun fyrir hæst dæmda stóðhest og hæst dæmdu hryssu Flóahrepps.

Gestur fundarins verður Bergur Jónsson frá Gangmyllunni.

Undir Gangmylluna sameinast Ketilstaðahrossin, ræktun Bergs Jónssonar og ræktun Olil Amble sem er kennd við Stangarholt, Selfoss og nú Syðri- Gagnishóla.

Takið kvöldið frá. Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA FLÓAHREPPS.

## Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps

Folaldasýning fyrir félagsmenn Hrossaræktarfélags

Villingaholtshrepps verður haldin sunnudaginn 5. mars 2017 í reiðhöllinni á Þjórsárbakka kl.14.00. Þátttökugjald 2000 kr fyrir hvert folald.

Skráning í síma hjá Atla Geir s:898-2256 [atligeir@hive.is](mailto:atligeir@hive.is)

Skráningfrestur rennur út kl 22.00 3. mars. 2017. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi.

Peir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl.13.30

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld.

Léttar kaffiveitingar í hléi.

Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA STJÓRNIN.

# Kvenfélag Villingaholtshrepps 100 ára

Þá er komið að öðrum pistli Kvenfélags Villingaholtshrepps og birtum við nú fyrstu fundargerðina og fyrstu lög félagsins. Eins og þið takið eftir ritar Guðmundur Guðmundsson í Þingdal fyrstu fundargerðina og virðist eins og hann sitji fyrstu fundina og skrifi fundargerðir eða stýri fundi. Orðalag er svoltið skrítið sumstaðar eins og í 6. gr laganna þar sem stendur að sjúklingar séu bornir fram á fundum en þar er auðvitað átt við að málefni einstaka sjúklunga séu borin upp á fundum. Ég geri engar breytingar á málfari eða stafsetningu. Sumsstaðar er skriftin ekki skýr en ég held að ég hafi stautað mig rétt fram úr því. Vona það þið hafið eins gaman að lesa þetta og ég.

Elín Bj. Sveinsdóttir

*Árið 1917 þann 27. okt. var fundur settur og haldinn að Þingdal. Til fundarins boðaði Stefanía Stefánsdóttir Hróarsholti og var hún kosin fundarstjóri, og .... (rifið blað í fundargerð sennilega á það að vera „velur“.) sér fyrir skrifara Guðm. Guðmundsson Þingdal. Umræðuefnið var stofnun Kvenfélags.*

- 1. Fundarstjóri skírði frá því að hugmyndin um stofnun kvenfélags hefði fyrst verið rædd fyrir 8 árum en legið í þagnargylði þar til síðast liðið haust að nokkrar konur lögðufuram kr. 1.00 sem árstíllag í fyrsta sinn.*
- 2. Þá var kosin stjórn. Forstöðukona var kosin Guðrún Einarsdóttir Urriðafossi og meðstjórnendur þar St. Stefánsdóttir Hróarsholti og Guðbjörg Jónsdóttir Þingdal.*

*Nefnd þessari ber að semja frumvarp til laga og leggja það fyrir næsta fund til staðfestingar*

- 3. samþykkt var að árstíllag sé ein króna fyrst um sinn fyrir hverja félagskonu sem greiðist á aðalfundi ár hvert*
  - 4. Konur þær sem á fundinum voru og sem þegar greiddu árstíllag voru Guðbjörg Hákotí, Þóra Kampholti, Ingibjörg Öndurholti, Guðrún Urriðafossi, Kristín Egilsstöðum, Júlía Urriðafossi, Katrín s.st. (átt við sama stað bíst ég við) Sigríður Súluholti, Helga Egilsstöðum, Krístrún Villingaholti, Gróa Súluholti, Stefanía Hróarsholti, Guðbjörg Þingdal, Jónína s.st. Alexía Hurðarbaki, Rannveig Urriðafossi.*
- Í þetta sinn lágu ekki fleiri mál fyrir fundinum og var honum því slitið.*

*Stefanía Stefánsdóttir, Guðm. Guðmundsson*



**2. júlí 1918 var félagsfundur hjá kvenfélaginu og þar sem lög félagsins voru samþykkt.**

Lög Kvenfélags Villingaholtshrepps

1.gr

Kvenfélagið heitir Kvenfélag Villingaholtshrepps. Tilgangur þess: að hjálpa bágstöddum sjúklingum og veita eftirlit fátækum sængurkonum.

2. gr

Embættismenn félagsins eru 3: Forstöðukona, fjárhirðir og ritari. Forstöðukona kveður til fundar þegar þörf gerist og stjórnar þeim þó má hún skipa fundarstjóra með samþykki fundarins. Auk þess hefur hún á hendi alla yfir umsjón með störfum félagsins og framkvæmdum þess. Fjárhirðir veitir móttöku peningum félagsins, kemur þeim í vörslu og ábyrgist sjóð þess. heldur glöggan reikning yfir tekjur og gjöld þess og leggur hann fram endurskoðaðan á aðalfundi ár hvert sem jafnan skal halda fyrsta vetrardag. Ritari bókfærir allar fundargerðir svo og annað sem rita þarf í fundum í þarfir félagsins. kosning embættismanna gildir um 3 ár

3.gr

Árstillag er 1 kr og gyldir hvort seinnt eða snemma á árinu er gengið í félagið. Tillagið greiðist á aðalfundi ár hvert.

4.gr

Tekjum félagsins skal eingöngu varið eins og 1. gr ákveður, auk nauðsinlegra útgjalda í þarfir félagsins. Þá skal það tekið fram að helmingur árstillagsins verður að leggast í vöxtu.

5.gr

þegar um útbitingu fjár er að ræða skal jafnan kvatt til fundar og ræður þá meiri hluti hvort styrkinn skuli veita og hve mikill hann skal vera.

6.gr

Ekkert tillit skal tekið til þess hvort sjúklingar þeir sem bornir eru fram á fundum félagsins, njóti sveitarstyrki hér í hreppi eða ekki, heldur eingöngu þess hvort þeir eru bágstaddir.

7. gr

til þess aða beita lögum þessum þarf 2/3 atkvæða þeirra sem á fundinum eru að undan gengnu fundarboði.

## Pistill

Nú er veturinn næstum á enda og styttist í hlýja vordaga. Farfluglarnir koma senn til landsins og syngja fyrir okkur, bændur plægja, herfa og sá í akra eða bera á tún. Þetta eru áberandi vorboðar sem við flest tökum eftir með bros á vör og gleði í hjarta. Það er ýmislegt í náttúrunni í kringum okkur sem er alveg stórmerkilegt ef að er gáð en við leiðum kannski ekki hugann að alla jafna. Eitt af því sem byrjar að lifna á vorin er það sem kallað hefur verið lækningajurtir. Margar þekktustu lækningajurtir sem hafa verið notaðar í gegnum aldirnar í Evrópu vaxa hér á landi. Sumar jurtir vou áður notaðar til lækninga en í dag eru þær helst notaðar til að laga ljúffeng te. Þær sem ég veit fyrir vist að vaxa hér í Flóanum eru: silfurmura, ætíhvönn, vallhumall, blóðberg, maríustakkur, túnfífill, blágresi, fjalldalafífill, hóffífill, klóelfting, vallelfting, rjúpnalauf, haugarfi, njóli, fjalldrapi, birki, fjallagrös, horblaðka, reyrgresi, túnsúra, mjaðjurt, ljónslappi og burnirót. Sjaldnast eru þessar jurtir áberandi þar sem sauðfé er á beit, enda sú skepna afar áhugasöm um þessar jurtir og leggur sig oft í hættu við að komast að þeim í klettum. Tínslutími jurtanna er misjafn og nær yfir allt sumarið. Ágæt þumalputtaregla er að safna jurtunum rétt áður en þær skriða í blóma. Gott er að nota grisjupoka og leggja ofaná eða í námunda við ofn, ekki þó við hærri hita en 30°C ekki má þurrka jurtir í sól, það brýtur niður hin virku efni í jurtunum. Þegar jurtirnar myljast niður milli fingra manns þá er fullum þurrki náð. Geyma má þurrkaðar jurtir yfir veturinn á köldum þurrum og dimmum stað. Þær jurtir sem flestum hafa reynst bragðbestar eru: blóðberg, silfurmura, vallhumall, birki, ljónslappi, maríustakkur, mjaðjurt og túnsúra. Hin alíslenska teblanda sem drukkin var í gegnum aldirnar áður en kaffi tók yfir, var: blóðberg, rjúpnalauf og ljónslöpp, þriðjungur hver. Lítið er um hættulegar jurtir hér á landi en í görðum eru margar mjög eitraðar jurtir sem ber að varast og eitthvað af þeim hefur slæðst úti náttúruna. Ýmsar bækur hafa verið skrifaðar um lækningajurtir, nokkrar bækur á íslensku og gríðarlega margar á öðrum tungumálum og rétt að kynna sér aðeins málin áður en haldið er af stað í tínslu. Ég bendi fólki á bókina Íslenskar lækningajurtir eftir Arnbjörgu L. Jóhannsdóttur og svo má finna endalaust efni á netinu á öllum tungumálum.

Ég skora á nágranna minn Steindór Guðmundsson í Hrygg II að rita næsta pistil.

Jón Elías Gunnlaugsson, Ölvisholti

## Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn **fimmtudagskvöldið 9. mars kl. 20:00.**

### Dagskrá fundar:

- Fundur settur og tilnefndir starfsmenn fundarins
- Lesin fundargerð síðasta fundar
- Skýrsla stjórnar og ársreikningur
- Skýrslur nefnda
- Tilnefningar í nefndir
- Kosningar á gjaldkera
- Þingborg
- Inntaka nýrra félaga
- Önnur mál

Halla Reynisdóttir gefur kost á sér áfram sem gjaldkeri og Ingunn Jónsdóttir sem varagjaldkeri. Hvetjum allar kvenfélagskonur til að koma og bjóðum nýja félaga sérstaklega velkomna.

**Kaffihópur:** *Hafðís Hafsteinsdóttir, Hilda Pálmadóttir, Ingunn Jónsdóttir og Guðbjörg Sigurðardóttir.*

**Með bestu kveðju, stjórnin**

### Aðalfundarboð

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn sunnudaginn 26. mars. 2017 að Ferðapjónustunni Vatnsholti. Fundurinn hefst kl.20.30 með léttum kvöldverði (súpa og brauð) í boði félagsins.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf.

Og undir lið önnur mál, er lagt til að hrossaræktarfélagin í Flóahreppi sameinist.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram.
4. Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.
5. Upphæð félagsgjalds ákveðin. Inntaka nýrra félaga.
6. Lagabreytingar, sé þeirra getið í fundarboði.
7. Kosning stjórnar samkvæmt 5.gr. laga þessara.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga samkvæmt 5.gr. laga þessara.
9. Verðlaunaafhendingar, sé þeirra er getið í fundarboði.
10. Önnur mál.

Nýir félagar velkomnir.

**Stjórnin**

## Úrslit af íþróttamótum

**MÍ 11-14 ára** í frjálsum íþróttum fór fram í Kaplakrika dagana 28.-29. janúar. Umf. Þjótandi átti 8 keppendur í fjölmennu liði HSK/Selfoss. Liðið sigraði mótið með yfirburðum og náði sér í 1039 stig á mótinu. Í öðru sæti með 481 stig var lið FH svo það sést að yfirburðir HSK/Selfoss voru gífurlegir. Auk þeirra greina sem taldar eru upp hér að neðan kepptu allir krakkarnir í 4x200m boðhlaupum. Það er gaman að sjá hvað við eigum marga öflugra keppendur í frjálsum þessa dagana og vonandi að krakkarnir haldi áfram að æfa og keppa.

Viðar Hrafn Victorsson	'06	60m hlaup	9,83sek	6. sæti
		600m hlaup	2:08,50mín	8. sæti
Hjalti Geir Jónsson	'06	60m hlaup	10,17sek	10. sæti
Oddur Olav Davíðsson	'06	60m hlaup	10,20sek	11. sæti
		Langstökk	3,12m	11. sæti
Auðunn Ingi Davíðsson	'06	60m hlaup	10,26sek	13. sæti
		600m hlaup	2:07,57mín	6. sæti
		Langstökk	3,24m	9. sæti
Sigurjón Reynisson	'05	60m hlaup	9,46sek	5. sæti
		600m hlaup	1:57,77mín	6. sæti
		Hástökk	1,16m	12. sæti
		Langstökk	3,97m	5. sæti
		Kúluvarp	6,21m	7. sæti
Katrín Ágústsdóttir	'05	60m hlaup	9,69sek	17. sæti
		Langstökk	3,62m	15. sæti
		Hástökk	1,21m	9. sæti
		Kúluvarp	7,60m	7. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	60m hlaup	9,21sek	15. sæti
		600m hlaup	2:10,84mín	12. sæti
		Hástökk	1,36m	6.-7. sæti
		Langstökk	4,15m	8. sæti
Elías Örn Jónsson	'03	60m hlaup	9,59sek	17. sæti
		600m hlaup	2:07,42mín	11. sæti
		Langstökk	3,27m	14. sæti
		Kúluvarp	5,71m	16. sæti

**Stórmót ÍR** var haldið í Laugar dalshöllinni helgina 11.-12. febrúar. Þar átti Þjótandi 4 keppendur sem allir stóðu sig með besta móti. Keppendurnir voru það öflugir að þeir bættu sig allir í a.m.k. tveimur greinum. Hér má sjá árangurinn þeirra:

Sigurjón Reynisson	‘05	60m hlaup	9,41 sek	6. sæti
		Langstökk	3,86m	8. sæti
		Hástökk	1,17m	8.-12. sæti
		600m hlaup	1:54,40 mín	2. sæti
Unnsteinn Reynisson	‘03	Hástökk	1,44m	4.-5. sæti
		200m hlaup	30,39 sek	12. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	‘00	60m hlaup	7,54 sek	12. sæti
		Kúlúv. (5kg)	13,40m	2. sæti
		Langstökk	5,75m	7. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	‘01	60m hlaup	8,14 sek	20. sæti
		Kúlúv. (5kg)	9,52m	8. sæti
		Þristökk	10,29m	7. sæti
		Langstökk	4,65m	17. sæti
		200m hlaup	27,05 sek	18. Sæti

**Meistaramót Íslands í flokknum 15-22 ára** fór fram helgina 25.-26.

febrúar Þar átti Umf. Þjótandi 2 keppendur í liði HSK/Selfoss. Lið HSK/Selfoss endaði í 2. sæti í stigakeppninni. Hér er árangur þeirra keppenda sem tóku þátt:

Sigurbjörg Eva Ernudóttir	’01	60m hlaup	9,43 sek	23. sæti
		200m hlaup	31,33 sek	14. Sæti
Stefán Narfi Bjarnason	’00	60m hlaup	7,42 sek	1. sæti
		Langstökk	5,96m	3. sæti
		Kúlúv. (5kg)	13,16m	2. sæti
		Þristökk	11,76m	4. sæti

### **Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna**

Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna verður haldinn þriðjudaginn 21. mars í Félagslundi og hefst kl. 13:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem Guðmundur Jóhannesson ráðunautur mun fara yfir kynbótastarfið og niðurstöður skýrsluhaldsins. Allir áhugamenn um nautgriparækt velkomnir.

Stjórnin

## Fjör í Flóa 2017

### Smádýr óskast

Eins og flestir vita verður fjölskyldu- og sveitahátíðin Fjör í Flóa haldin dagana 26. til 28. maí. Við óskum af því tilefni eftir smádýrum og öðrum skepnum til að hafa til sýnis á hátíðinni s.s. hvolpum, kettlingum ofl. Ef þið lumið á slíku megið þið gjarnan setja ykkur í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar í síma 691-7082.

### Gömul farartæki óskast

Mikill áhugi er fyrir því að hafa gömul farartæki til sýnis á Fjör í Flóa. Við hvetjum því alla þá sem luma á gömlum bílum, traktórum og aftan í tækjum að hafa samband við Rúnar húsvörð í síma 898-2554.

### Flottasti og frumlegasti póstkassinn

Vegna fjölda áskoranna höfum við ákveðið að endurtaka leikinn og halda samkeppni um flottasta og frumlegasta póstkassann. Þema póstkassans þarf að vera eitthvað sem minnir á fjölskylduhátíðina sjálfa Fjör í Flóa.

Allir íbúar eru hvattir til að taka þátt í þessari skemmtilegu keppni. Vinningshafinn verður síðan verðlaunaður á kvöldskemmtuninni sem haldin verður laugardagskvöldið 27. maí í Félagslundi.

Þar sem dagskrá hátíðarinnar er enn í mótun þá viljum við gjarnan heyra í þér, ef þú hefur frábæra hugmynd til þess að gera hátíðina skemmtilega og fjölbreytta. Einnig hvetjum við alla sem hafa áhuga á því að vera með viðburð, sýningar eða sölubás um að hafa samband við okkur í menningarnefnd Flóahrepps, lðunni ([idunnyrasgeirdottir@gmail.com](mailto:idunnyrasgeirdottir@gmail.com)),

Sigurbáru ([sigurbara@floahreppur.is](mailto:sigurbara@floahreppur.is)) eða Rósu ([rosumatt@simnet.is](mailto:rosumatt@simnet.is)).

**Menningarnefnd Flóahrepps**



## Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps:

**Folaldasýning** fyrir félagsmenn í Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps verður haldin **sunnudaginn 12. mars** í Sleipnishöllinni á Selfossi.

Eigendur folalda eru beðnir um að vera mættir **kl 13:00**, en sýningin hefst **kl 13:30**.

Ágúst Ingi tekur við skráningu í síma 899-5494 eða 482-1032, eða netfangið: agustk@visir.is og þarf skráning að hafa borist í síðasta lagi á fimmtudagskvöldið 9. mars.

Þátttökugjald er 1500 kr á folald og greiðist á staðnum með reiðufé.

Það sem koma þarf fram við skráningu er eftirfarandi: litur, nafn, faðir, móðir, eigandi og ræktandi. Hest -og merfolöldum verður skipt upp í 2 flokka. Verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hvorum flokki og folatollur fyrir efsta sætið.

Kaffiveitingar verða seldar á staðnum gegn gjaldi. Vonumst til að sjá sem flesta.

### Aðalfundur

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg **mánudagskvöldið 27. mars nk. kl. 20.30**.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Á síðasta aðalfundi var rætt um að sameina hrossaræktarfélögin 3 í Flóahreppi og hafa stjórnir félaganna rætt sín á milli um kosti og galla sameiningar. Undir liðnum önnur mál á fundinum, verður borin upp tillaga að sameiningu Hrossaræktarfélaganna í Flóahreppi. Vill stjórn félagsins hvetja félagsmenn til að mæta á fundinn og kjósa um tillöguna og taka þátt í umræðum.

Stjórnin



## **Baðstofukvöld SSK í Félagslundi fimmtudaginn 16. mars.**

Kvenfélögin í Flóahreppi bjóða til Baðstofukvölds SSK í félagsheimilinu Félagslundi, fimmtudaginn 16. mars n.k. kl. 20.00.

Fjölbreytt dagskrá verður í boði, meðal annars létt og skemmtileg kennsla á einföldum línudansi, Fanndís Huld Valdimarsdóttir verður með kynningu á glervörum sem hún hannar og býr til undir nafninu, *Gallerý Flói, art and design*. Nokkrar konur fóru á námskeið í verkun og sítun á gærum og munu sýna og segja frá, setið verður við rokkinn og spunnið fallegt band og þá verður sýnt jurталitað band. Boðið verður upp á kaffiveitingar að hætti kvenfélagskvenna. Hvetjum sem flestar konur til að mæta og eiga saman gefandi og góða kvöldstund.

*Stjórn SSK*

*Kvenfélag Hraungerðishrepps, Kvenfélag Villingaholtshrepps,  
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps*

### **Dagskrá mánaðarins**

Messa í Hraungerðiskirkju	5. mars
Héraðsleikar HSK	5. mars
Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villingah.hr	5. mars
Gaman saman í Þjórsárveri	6. mars
Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	9. mars
Uppskeruhátíð hrossaræktarfélaganna	10. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	12. mars
Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps	12. mars
Baðstofukvöld SSK	16. mars
Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar	19. mars
Gaman saman í Þjórsárveri	20. mars
Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna	21. mars
Aðalfundur Hrossaræktardeildar Gaulverjabæjarhrepps	22. mars
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps	26. mars
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps	27. mars
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps	31. mars
Flóahlaupið	1. apríl